

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " | 138.00 kr./mán. |
| 2. Fyrir mæla frá 1"—2" | 228.00 kr./mán. |

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald fyrir eina heimæð er, miðað við heildarrúmmál húsa, sem hita skal:

Allt að 400 m³ 19 300.00 kr.

400 til 2000 m³ 19 300.00 kr. af 400 m³ + 15.25 á m³ þar yfir

2000 til 6000 m³ 42 175.00 kr. af 2000 m³ + 13.25 á m³ þar yfir

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 3200.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 230.00 kr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1971.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Ísafjarðar.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Ísafjarðar er fyrst um sinn:

- Mæðravernd: Eftirlit með barnshafandi konum.
- Barnavernd: Eftirlit með heilsufari ungbarna innan skólaskyldualdurs (0—7 ára) svo og ónæmiságerðir gegn barnaveiki, kíghósta, kúabólu og mænuótt.

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar í samráði við lækna, er starfa við stöðina.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð þrem mönnum, bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar, einn er tilnefndur af heilbrigðismálaráðuneytinu og einn af Sjúkrasamlagi Ísafjarðar.

Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald.

Um skiptingu kostnaðar og annað sem viðkemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. janúar 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu.

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, ásamt breytingum frá 13. apríl 1962 og frá 21. október 1969, um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu, er birt var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 17 31. júlí 1970, samkvæmt lögum nr. 77 10. maí 1966, skulu ná til allra íslenskra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó.

2. gr.

Olfustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur, skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt, og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um olfustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á. Sama gildir um verksmiðjur og aðra starfsemi, sem valdið getur olíuóhreinun stöðuvatna, sem hafa afrennsli til sjávar, lækja eða annarra straumvatna.

3. gr.

Siglingamálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara, og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýra-verndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 10. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrir-